



Borgarráð

Sævarhöfði 33 kaup á landi - umsögn vegna fyrirspurnar

Á fundi borgarráðs 23. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kaup á landi við Sævarhöfða:

„Óskað er eftir upplýsingum um fyrirhuguð kaup Reykjavíkurborgar á landi við Sævarhöfða, m.a. hvernig staðið hefur verið að verðmati landsins.“

Til grundvallar kaupnum liggur sú breyting sem varð á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar þegar svæðinu var breytt í íbúðabyggð til framtíðar. Á síðustu áratugum hafa Reykjavíkurborg og Reykjavíkurhöfn og frá árinu 2005 Faxaflóahafir sf., gert fjölda samninga um kaup og sölu á lóðum. Reykjavíkurhöfn varð eigandi að landi í Sævarhöfða á grundvelli slíks samnings árið 1971.

Í Sævarhöfða er um að ræða land sem þáverandi lóðarhafi gerði að hluta í áföngum allt frá árinu 1969. Eftir áralangan ágreining var samið við lóðarhafann Björgun hf. um brotthvarf af svæðinu. Faxaflóahafnir gengu frá þeim samningi í október 2016. Jafnframt var samið um gerð hluta þeirrar fyllingar sem stendur til að útbúa samkvæmt aðalskipulagi. Í samningnum er m.a. gert ráð fyrir liðlega 24.000 m² fyllingu, sem er um 1/3 af þeirri landgerð sem Reykjavíkurborg fyrirhugar að fara í og skipuleggja. Sú landgerð verður skipulagslega hluti þess lands sem keypt hefur verið.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar sá um samningagerð um kaup á landinu af Faxaflóðahöfnum. Lagt var til grundvallar í samningaviðræðum af hálfu Faxaflóahafna það land sem að verður til við brotthvarf Björgunar, afskrift bryggjumannvirkis, auk þess kostnaðar sem Faxaflóahafnir hafa af uppkaupum eigna og að afskrifa hafnarkant. Af hálfu Reykjavíkurborgar var lagt til grundvallar m.a tímaás væntanlegrar uppbyggingar, sá framkvæmdakostnaður sem eftir er til að gera lóðir byggingarhæfar, auk þess sem þarf að leggja mat á mögulegar markaðsaðstæður þegar að lóðir verða byggingarhæfar. Það er því mikil óvissa um hvert endanlegt markaðsverð landsins verður og var tekið tillit til þess.

Að undanegnum samningaviðræðum þar sem þessi sjónarmið voru lögð til grundvallar var komist að niðurstöðu um leggja til að hæfilegt kaupverð væri 1.098,1 m.kr. Hefur þetta samningsverð síðan verði samþykkt bæði í stjórn Faxaflóahafna og síðan í borgarráði.

Hrólfur Jónsson

